

Alþingi
Erindi nr. P /27/ 562

komudagur 2.1.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150, R

Reykjavík 24. desember 2001.

Við er til bréfa menntamálanefndar dags. 6. desember sl., þar sem óskað er umsagnar Ríkisútvarpsins um tillögur til þingsályktunar, annars vegar tillögu Sverris Hermannssonar um rekstur Ríkisútvarpsins, þingskjal 7, og hins vegar tillögu Péturs H. Blöndals um breytingu á útvarpslögum nr. 53/2000, þingskjal 138.

Undirritaður hefur á undanförunum árum margsinnis vakið athygli á nauðsyn þess, að sett væri ný löggjöf um Ríkisútvarpið. Þingsályktunartillaga Sverris Hermannssonar gerir ráð fyrir að Alþingi kjósi nefnd til að annast það verkefni. Ný löggjöf fyrir Ríkisútvarpið er löngu orðin tímabær og því skal tekið undir það meginefni tillögunnar. Hins vegar má benda á að einar fjórar eða fimm nefndir hafa starfað að sama verkefni á undanförunum 14 árum, eða allt frá því að lög um Ríkisútvarpið 68/1985 voru samþykkt með bráðabirgðaákvæði þess efnis að þau skyldi endurskoða innan þriggja ára. Hafa þessar útvarpslaganefndir skilað mikilli vinnu og gagngerum tillögum. Það er mjög til boga, að málið skuli ekki hafa komið lengra á veg en raun ber vitni. Með starfi nefndanna hefur verið aflað mikilla upplýsinga og tillögur settar fram, sem gefa Alþingi skýra kosti til að byggja afgreiðslu sína á. Við þetta bætist að menntamálanefnd Alþingis leitaði eftir álit Ríkisútvarpsins um þær nauðsynlegustu breytingar, sem talið væri að gera þyrfti á lögum um Ríkisútvarpið, þegar hin almenna löggjöf um útvarpsstarfsemi var til meðferðar á Alþingi 1999 til undirbúnings útvarpslögum 53/2000.

Áður hafði nefndin verið upplýst um niðurstöður af vinnu starfshóps innan Ríkisútvarpsins árið 1996 um framtíðarstefnu þess og rekstrarform, sbr. meðfylgjandi skýrsla hans. Í henni er m.a. fjallað um hugsanlega breytingu á Ríkisútvarpinu í hlutafélag sem alfarið verði áfram í eigu ríkisins. Undirritaður telur að þetta geti verið álitlegur kostur til að tryggja aukið sjálfstæði Ríkisútvarpsins og svigrúm þess til að bregðast skjótt við örum breytingum, sem verða muni á fjölmiðlarekstri í landinu. Hins vegar hefur það komið skýrt fram af hálfu undirritaðs, að sala Ríkisútvarpsins og einkavæðing þess komi alls ekki til greina.

Virðingarfyllst,

Martin Örn Antonsson